

2017

# Árbók Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÍ | Aragötu 9, 101 Reykjavík  
s. 525 4447, kemst@hi.is, www.kemst.hi.is

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Mannauður .....	3
3. Útgáfa og vefur .....	4
Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands.....	4
Vefur Kennslumiðstöðvar .....	5
Samfélagsmiðlar .....	6
4. Diplómanám í kennslufræði háskóla .....	6
5. Námskrá Kennslumiðstöðvar 2017 .....	8
Vefnámskeið - <i>webinar</i> .....	8
Kenningar um áhugahvöt og hag-nýtt gildi þeirra í kennslustofunni .....	8
Raddþjálfun .....	8
Hvernig tryggjum við kunnáttu nemenda .....	8
Getting beyond covering content: Student motivation and success .....	8
Umsókn um ótímabundna ráðningu – kennsluhluti, vinnustofa.....	8
Áskoranatengt nám, PBL, Problem Based Learning .....	9
Vendikennsla .....	9
Aðstoðarkennarar .....	9
6. Námsumsjónarkerfi .....	10
Kennsluvefur Uglu .....	10
Moodle .....	10
7. Upptökur.....	11
Upptökuver og –klefar .....	11
8. Leiðbeiningar .....	11
9. Samstarf.....	12
Samstarf við fræðasvið Háskóla Íslands .....	12
Samstarf um kennsluþróun á háskólastigi á Íslandi .....	13
Reiknistofnun Háskóla Íslands.....	13
Þverfagleg samvinna á Heilbrigðisvísindasviði .....	13
edX .....	13
Starfsmannasvið.....	14
Miðstöð framhaldsnáms .....	14
eTwinning á Spáni .....	14
Opinberir háskólar.....	14
Háskólinn í Alicante á Spáni .....	14
Háskólinn í Bergen.....	14
Transforming Higher Education: How we Teach in the Digital Age .....	14

AURORA .....	15
Nordic-Baltic Network in Higher Education Development.....	15
Áskoranir í námskráargerð .....	16
Háskólinn í Tblisi í Georgíu .....	16
10. Þróunarverkefni.....	17
The Bologna Reform in Iceland Project – BORE .....	17
Kennsluþróunarstjórar á fræðasviðum .....	17
Gæðaviðmið í kennslu.....	17
Að meta góða kennslu .....	17
Umræðufundur stjórnenda um mat á gæðum kennslu.....	17
Umræðufundur fulltrúa fræðasviða um gæði kennslu og kennsluþróun .....	18
Evidencing educational development .....	18
11. Innlendar ráðstefnur .....	19
Kennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands.....	19
Erindi í samhliða málstofum .....	19
Menntakvika.....	22
12. Sjálfsmat Háskóla Íslands, QEF2 .....	23
13. Nefndir og ráð.....	24
14. Stefnumótun og framtíð .....	24

## 1. Inngangur

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var stofnuð árið 2001 og þannig var árið 2017 16. starfsár hennar. Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi miðstöðvarinnar á þessum tíma og umfangið aukist. Fyrir 3 árum tók starfsfólk ákvörðun um að taka saman árlega skýrslu um starfsemi miðstöðvarinnar, til að gefa yfirlit yfir fjölbreytta starfsemi hennar og halda til haga reynslu og nýta til frekari þróunar.

## 2. Mannauður

Allnokkrar mannbreytingar urðu í Kennslumiðstöð árið 2017. Starfsgildi við miðstöðina eru 9,6, en ekki öll setin þetta árið. Starfsmenn í fullu starfi eru: Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri, Elva Björg Einarsdóttir verkefnastjóri, Grettir Sigurjónsson tæknistjóri, Guðrún Geirsdóttir dósent á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar, Gústav K. Gústavsson tækniamaður, Rúnar Sigurðsson verkefnastjóri og Nanna H. Grettisdóttir fulltrúi sinnir tækniþróun og aðstoð. Ása Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri hætti 1. júlí 2017 og Bjarndís Fjóra Jónsdóttir verkefnastjóri fór í ársleyfi frá 1. september 2017. Í hennar stað var Kristbjörg Olsen, fyrrum starfsmaður miðstöðvarinnar ráðin í 60% stöðuhlutfall í eitt ár til að sinna Moodle. Í október voru Védís Grönvold verkefnastjóri og Ásta Bryndís Schram ráðnar í 50% tímabundnar stöður hvor út árið til að vinna að kennsluþróun á háskólastigi.



Starfsfólk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands 2017. Myndir: Kristinn Ingvarsson.

### 3. Útgáfa og vefur

#### Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands kom út sjötta árið í röð í desember. Tímaritið er 32 blaðsíður og þema þess er gæði og gæðaviðmið í kennslu. Kennarar skólans, nemendur og starfsfólk Kennslumiðstöðvar eru höfundar efnis og er ánægjulegt að sjá hvernig skrif þeirra endurspeglar þróun kennsluhátta við háskólann og aukinn áhuga á kennslu.

Í tímaritinu tekur Guðrún Geirsdóttir saman hvernig staðið er að gæðamálum í kennslu við Háskóla Íslands. Í blaðinu er einnig að finna greinargerð kennslunefnda fræðasviða um starfsemi þeirra á árinu; grein Péturs Marteins Urbanic Tómassonar, framkvæmdastjóra Stúdentaráðs Háskóla Íslands og fulltrúa stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs um kennslu- og gæðamál, sem hann telur stærstu hagsmunamál stúdenta; úthlutun Kennslumálasjóðs 2017 þar sem 27 verkefni fengu samtals rúmar 35 m. kr. í styrk til kennsluþróunar; grein um Kennsluþróunarráðstefnu Háskóla Íslands; umfjöllun um viðurkenningar fyrir lofsvert framlag til kennslu 2016 og 2017; grein um námskeið í þverfræðilegri samvinnu við Heilbrigðisvísinda-svið; grein Eddu R. H. Waage um það hvernig túlka megi niðurstöður kennslukönnunar um vinnuálag nemenda; kynning á skólastofu 21. aldarinnar; kynning á edX sem Háskóli Íslands er nýlega aðili að; kynning á möguleikum í endurgjöf í Moodle; viðtal við Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson sem er nýr kennari við Raunvísindadeild og að lokum yfirlit yfir alþjóðlegt samstarf sem Kennslumiðstöð hefur komið að á árinu.


Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands er eina tímaritið í landinu sem fjallar eingöngu um háskólakennslu. Það er mikilvægt að starfsfólk háskóla hafi aðgang að slíkum miðli og er tímaritið því gefið út á pappír jafnframt því sem það er aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðu Kennslumiðstöðvar í gegnum [issuu.com](http://issuu.com).



*Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands 2017*

## Vefur Kennslumiðstöðvar


Vefur Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands, [www.kemst.hi.is](http://www.kemst.hi.is), er í stöðugri þróun. Gagnger endurskoðun á útliti vefsins fór fram á árinu og allt efni var yfirfarið. Þá var ensk útgáfa af vefnum birt um mitt árið og er það mikil framför því nú geta enskumælandi kennarar einnig nýtt sér vefinn.



Heimasíða Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands, [www.kemst.hi.is](http://www.kemst.hi.is)

Á vefnum er að finna efni um kennslu og kennslutengd málefni, leiðbeiningar, handbækur fyrir kennara og aðstoðarkennara, upplýsingar um verkefni sem styrkt hafa verið af Kennslumálasjóði Háskólaráðs, samstarfsverkefni og Tímarit Kennslumiðstöðvar svo að fátt eitt sé nefnt. Vinnustofur á vegum Kennslumiðstöðvar eru kynntar á vefnum og þar er jafnframt skráningarkerfi sem heldur utan um gagnagrunn yfir þá sem sótt hafa námskeið hjá miðstöðinni. Starfsmenn skólans geta sótt í gagnagrunninn t.d. við framtal starfa ár hvert eða við umsókn um ótímabundna ráðningu og framgang.

Heimsóknir á vef Kennslumiðstöðvar eru að meðaltali um 40 á dag en topparnir ná upp í yfir 80 heimsóknir inn á síðuna á dag við stærri viðburði eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Það sem gestir vefsins sækjast helst eftir eru upplýsingar um vinnustofur, leiðbeiningar og greinar og tímarit um háskólakennslu.



Ein af stóru breytingunum við nýja vefinn er að upplýsingar um starfsmann miðstöðvarinnar sem sér um viðkomandi efni, s.s. kennslufræði, upptökur eða námsumsjónavef, kemur upp til hliðar við umfjöllun og auðveldar það notendum að hafa samband við rétta aðila.

**Panopto, útsendingar og fjarfundir** Home > Panopto, útsendingar og fjarfundir

## Panopto

Panopto er upptökakerfi Háskóla Íslands og það nota kennarar til að taka upp kennslustundir og kennsluefni. Einnig er hægt að nota það við að streyma útsendingar. Forritið er tiltölulega einfalt í notkun og hægt er að skoða upptökurnar í flestum vöfrum og snjalltækjum.

Panopto á að vera uppsett í öllum kennslustofum Háskóla Íslands en að auki geta kennarar sett það upp á sínar eigin tölvur og tekið upp heima.

Ef nota á Panopto þarf að sækja forritið fyrst. Ef það er sótt í gegnum Uglu, þá er byrjað á því að velja námskeið í Uglu og velja síðan flippann *Upptökur* og þar inni *Sækja upptökuforrit*. Ef nota á Moodle þarf að bæta við blokk fyrir Panopto.

**Leiðbeiningar um Panopto**

## Fjarfundir og útsendingar

Forritið Zoom er m.a. notað við fjarfundi og webinars (vefmálfstufur). Þetta er einfalt forrit og auðvelt að nota. Tæknimenn Kennslumiðstöðvar aðstoða fólk við að byrja að nota það ef áhugi er fyrir hendi.

**Leiðarkerfi** **Hafa samband**

**Grettir Sigurjónsson**  
tæknistjóri  
Sími: 525 5164  
Netfang: grettir [hjá] hi.is

**Gústav K. Gústavsson**  
tæknimaður  
Sími: 525 5935

*Viðmót nýja vefsins fyrir notendur auðveldar þeim að hafa samband við rétta aðila.*


## Samfélagsmiðlar

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur verið á *Facebook* síðan 2014 og á *Twitter*, *Pinterest* og *Instagram* síðan 2015. Miðstöðin telur mikilvægt að vera sýnileg á þennan hátt, deila góðum starfsháttum og segja fréttir af starfsemi sinni. Kennslumiðstöð deilir hér einnig möguleikum á því hvernig hægt er að nota samfélagsmiðla í kennslu og kennsluþróun.

## 4. Diplómanám í kennslufræði háskóla


Námsleið um háskólakennslu var stofnuð á Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2010 í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Námsleiðin er ætluð starfandi háskóla-kennurum. Fastráðnir kennarar við Háskóla Íslands fá 40 kennslustunda kennsluafslátt að loknu fyrsta námskeiðinu og styrk til að greiða skrásetningargjöld. Í námsleiðinni eru fjögur námskeið frá og með vormisseri 2018:

- KEN212F Inngangur að kennslufræði á háskólastigi, 10 e, haust
- KEN005F Skipulag og endurskoðun námskeiða, 5 e, vor
- KEN006F Námsmat og endurgjöf, 5 e, vor
- KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir, 10 e, heilsárs



Fjöldi þeirra sem lokið hafa 10 eininga inngangsnámskeiði í kennslufræði háskóla eftir árum. Árið 2010 var námskeiðið kennt bæði haust og vor.

Um þriðjungur þeirra sem ljúka inngangsnámskeiðinu í kennslufræði háskóla ljúka náminu með diplómu. Þannig hafa 119 háskólakennarar lokið fyrsta námskeiðinu en 45, 30 eininga diplómunni. Öðru námskeiðinu um skipulagningu og endurskoðun námskeiða hafa 63 lokið. Þátttakendur koma af öllum fræðasviðum háskólans auk þess sem aðrir háskólar í landinu eiga þar fulltrúa sem lokið hafa námi. Þessu til viðbótar stunda nú fjórir háskólakennarar nám til diplómaprófs. Námskeiðið er heils árs námskeið þar sem þátttakendur gera rannsókn í háskólakennslu-fræðum sem þeir birta og kynna á almennum vettvangi innanlands og erlendis. Lok námsins eru á vordögum 2018.



Fjöldi þeirra sem lokið hafa 30 e diplómu í kennslufræði háskóla eftir fræðasviðum HÍ, 10 manns af HUG og VoN, 8 manns af HVS og MVS og 4 af FVS.



## 5. Námskrá Kennslumiðstöðvar 2017

Í sumarbyrjun þurfti að flytja Kennslumiðstöð af Aragötu 9 í Nýja-Garð vegna endurbóta á húsnæðinu á Aragötunni. Stefnt er að flutningi aftur á Aragötuna í byrjun árs 2018. Sökum þessa hefur e.t.v. verið minna um beinar heimsóknir inn af götunni að ræða en áður og námskeið, kynningar og vinnustofur verið haldnar miðsvæðis, á Háskólatorgi, Árnagarði, Lögbergi, Odda, Aðalbyggingu og Gimli.

Kennslumiðstöð heldur árlega fjölda kynninga og vinnustofa um viðfangsefni til að styðja við kennsluþróun. Viðfangsefni vinnustofanna eru ýmist valin með hliðsjón af ábendingum kennara og deilda, í samræmi við kennslustefnu háskólans og/eða samkvæmt óformlegri þarfagreiningu Kennslumiðstöðvar. Námskeiðin eru flest skipulögð út frá þörfum kennara en þó hafa einnig verið haldin sérstök námskeið og vinnustofur fyrir stjórnendur og fyrir nemendur sem sinna aðstoðarkennslu. Þá hafa starfsmenn Kennslumiðstöðvar komið að námskeiðum með Starfsmannasviði. Vinnustofurnar eru frá því að vera klukkustundar langar kynningar upp í 6 tíma vinnustofur eða lengri sem skiptast þá á fleiri daga. Oftast er þó um tveggja til þriggja tíma vinnustofur að ræða. Vinnustofur eru auglýstar á vef Kennslumiðstöðvar, í Uglu og með tilkynningum í Uglu til starfsfólks Háskóla Íslands. Einstaka vinnustofur eru einnig auglýstar á meðal starfsfólks annarra háskóla í landinu en þær eru þeim að öllu jöfnu opnar.

Það er orðin hefð að í síðasta kennslukaffi fyrir jól, svokölluðu „jólakennslukaffi“, flytji sá kennari sem hlotið hefur viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til kennslu það árið, erindi um kennsluhætti sína. Á þessu var engin undantekning í ár og Fjóla Jónsdóttir, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hélt erindi þar sem hún fór yfir langan og farsælan kennsluferil sinn við Háskóla Íslands og erlendis.



*Kennarar í jólakennslukaffi Kennslumiðstöðvar 2017 hlýða á Fjólu Jónsdóttur segja frá ferli sínum.  
Mynd: RS*

Fastir liðir í námskrá Kennslumiðstöðvar eru kynningardagur fyrir nýja kennara, kennslukaffi og ýmsar vinnustofur sem hafa fest sig í sessi, s.s. vinnustofa um tengsl hæfniviðmiða og námsmats, vinnustofa um kennsluáætlanir og vinnustofur og vefnámskeið í upplýsingatækni og námsumsjónarkerfunum Moodle og Uglu. Almennar vinnustofur og kynningar árið 2017 eru:

Að meta góða kennslu	Leiðbeining í lokaverkefnum
Aðstoðarkennarar	Moodle-einkunnabók
Áskoranatengt nám	Moodle-menntabúðir
Designing Effective Group Assignments: The Key to Eliminating „Free riders“	Moodle-námskeið – grunnur
Evidencing educational development	Moodle-próf og verkefni
Fjölbreytt námsmat og endurgjöf	Nemendamiðuð kennslusýn
Getting beyond covering content: A key to student motivation and success	Prófagerð
Hvað gerir þú til að stuðla að jafnrétti í kennslu?	Raddþjálfun
Hvernig tryggjum við kunnáttu nemenda?	Tengsl hæfniviðmiða, kennslu og námsmats
Introduction for new English speaking teachers	Um gæði kennslu og kennsluþróun
Kenningar um áhugahvöt og hagnýtt gildi þeirra í skólastofunni	Upp á von og óvon – námsmiðuð kennslusýn
Kennsluáætlanir og gerð þeirra	Upplýsingatækniþjall
Kennsluþróun í háskólum	Veflæg verkfæri í námi og kennslu
Kynning fyrir umsjónarmenn	Vendikennsla
Kynningar á Panopto-upptökuforriti	Vinnuálag og vellíðan í námskeiðum
Kynningardagur fyrir nýja kennara	Vinnustofa fyrir kennara með aðstoðarkennara
	Vinnustofa vegna ótímabundinnar ráðningar við HÍ – kennsluhluti
	Virkir kennsluhættir

Allt í allt hefur Kennslumiðstöð haldið yfir 40 vinnustofur á árinu. Þátttakendur sem sækja viðburði í Kennslumiðstöð skrá sig á námskeið og geta fengið yfirlit yfir hvaða námskeið þeir hafa sótt til að telja fram í framtali starfa ár hvert. Um 50 kennarar nýttu sér þessa þjónustu Kennslumiðstöðvar árið 2017.

Auk vinnustofanna hefur Kennslumiðstöð komið að stuðningi með sérfræðiaðstoð inni á fræðasviðum og í deildum, s.s. aðstoð við námskrágerð, námsmat, endurgjöf, nemendamiðaða kennsluhætti og hæfniviðmið svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru dyr miðstöðvarinnar ætíð opnar fyrir einstaka kennara að líta við í ráðgjöf og samræður um kennslu og kennslutengd efni og ekki er verra ef þeir taka með sér vin. Kennarar hafa verið nokkuð duglegir við að nýta sér þessa persónulegu þjónustu Kennslumiðstöðvar.

Aðrir hafa þekkt boð Kennslumiðstöðvar um að halda erindi og vinnustofur og svo eru þeir sem koma færandi hendi af fyrra bragði og bjóða háskólanum þjónustu sína. Í þeim erindagjörðum hafa ratað til okkar bæði innlendir og erlendir sérfræðingar í kennslumálum. Hér á eftir fer umfjöllun um nokkrar þeirra vinnustofa sem haldnar voru 2017. Hér er um að ræða bæði vinnustofur sem Kennslumiðstöðvarfólk hélt og voru nýjar af nálinni eða í tengslum við fræðasvið og deildir. Einnig er umfjöllun um vinnustofur sem gestafyrirlesarar héldu, svo og vinnustofur sem Kennslumiðstöð stóð fyrir en fékk að sérfræðinga til að halda.

## Vefnámskeið - webinar

Vefnámskeið í upplýsingatækni hafa verið haldin á vegum Kennslumiðstöðvar síðastliðið eitt og hálf ár. Þar geta kennarar setið heima hjá sér eða í vinnunni og tekið þátt í gagnvirkri klukkustunda langri vinnustofu í tölvunni. Ýmis veflæg verkfæri s.s. Amara, Canvanizer og Kahoot hafa verið kynnt á þennan hátt auk vefnámskeiða í ýmsum tölum Moodle s.s. grunnur, einkunnabók og hópar.

## Kenningar um áhugahvöt og hagnýtt gildi þeirra í kennslustofunni

Ásta B. Schram lektor og kennsluþróunarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði hélt vinnustofur um áhugahvöt og hvað kennarar geta gert til að auka áhuga nemenda á námsefninu. Nemendamiðaðar kennsluaðferðir eru hér í brennidepli – virkni nemenda. Doktorsverkefni Ástu fjallaði um áhugahvöt og svokallað MUSIC-model sem byggt er upp af ákveðnum þáttum sem hafa sterk áhrif á áhugahvöt nemenda.



*Ásta B. Schram lektor og kennsluþróunarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði HÍ*

## Raddþjálfun

Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona og söng-kennari hélt tveggja daga raddþjálfunarnám-skeið í ársbyrjun. Fullt var á námskeiðið og færri komust að en vildu. Ingveldur Ýr fór í grundvallaratriði raddþjálfunar, líkamsstöðu, framsögn, möguleika hverrar raddar, raddvandamál og forvarnir. Raddþjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk Háskóla Íslands verða í framtíðinni á vegum starfsmannasviðs.

## Hvernig tryggjum við kunnáttu nemenda

Tengsl hæfniviðmiða, námsmats og kennslu voru viðfangsefni vinnustofunnar. Þar var undirstrikað hvernig hæfniviðmið eru leiðbeinandi um alla kennslu og námsmat. Þátttakendur unnu með eigin námskeið. Nokkuð hefur verið um að deildir taki sig saman um að hafa slíkt námskeið fyrir kennara sína. Einnig er þetta hluti af grunnvinnustofu sem Kennslumiðstöð býður deildum sem fara í sjálfsmat II, QEF 2 á komandi árum.

## Getting beyond covering content: Student motivation and success

Larry Michaelsen gerði það ekki endasleppt við okkur á árinu og hélt vinnustofu um hópvinna og tvinnnaði þar saman áhuga, ábyrgð og virkni nemenda. Michaelsen hafði árið 2016 haldið þrjár slíkar vinnustofur þar sem hann kom inn á mismunandi áherslur í hópastarfi. Vinnustofurnar voru allar vel sóttar og góður rómur að þeim gerður.

## Umsókn um ótímabundna ráðningu – kennsluhluti, vinnustofa

Kennslumiðstöð hefur um árabil tekið þátt í vinnustofum á vegum starfsmannasviðs Háskóla Íslands fyrir akademíska starfsmenn sem sækja um ótímabundna ráðningu við skólann. Sú nýbreytni var tekin upp við Kennslumiðstöð á þessu ári að bjóða akademískum starfs-mönnum upp á frekari vinnustofu um það hvernig þeir geta skrásett og skýrt kennsluhluta umsóknar sinnar um ótímabundna ráðningu. Haldnar hafa verið fjórar vinnustofur á íslensku og ensku og gerður góður rómur að. Áformað er að bjóða vinnustofurnar misserislega.

## Áskoranatengt nám, PBL, Problem Based Learning

Juan Pablo Mora dósent við Sevilla háskólann á Spáni heimsótti Kennslumiðstöð á vordögum og kynnti kennurum Háskóla Íslands áskoranatengt nám (*Challenge based learning, CBL*). CBL byggir á því að nemendur vinna með námsefnið – takast á við áskoranir – og læra af því. Mora segir það ekki koma á óvart að aðferðin nýtist nemendum vel til náms af því hún gengur út á að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu. Hann segir það margreynt að nemendur læra betur af því að vinna með hlutina.

## Vendikennsla

Vendikennsla er kennsluform sem verið hefur að ryðja sér til rúms víða og hefur m.a. verið notað við Háskóla Íslands um nokkurra ára skeið með góðum árangri. Vendikennsla gengur út á það að snúa við hefðbundnum kennsluháttum, gefa nemendum aðgang að fyrirlestum kennara og nota kennslustundir til að gefa nemendum kost á að vinna með þekkingu sína. Nemendur koma undirbúnir í kennslustund og vinna með námsefnið þar og hafa jafnframt aðgang að kennara sem styður við nám þeirra á meðan þeir vinna að því. Kennslumiðstöð hefur þróað vinnustofu um vendikennslu sem tekur á helstu þáttum hennar, aðferðafræðinni, uppbyggingu námskeiðs, upptökum á fyrirlesturum og hvað hægt er að gera í kennslustund þegar fyrirlesturinn er þegar haldinn – verkefni og æfingar. Vinnustofan var haldin á vor- og haustmisseri og afar vel sótt. Eftirfylgni við kennara sem hyggjast nota aðferðina er áformuð í janúar 2018.

## Aðstoðarkennarar

Kennslumiðstöð hefur gjarnan komið að vinnustofu fyrir aðstoðarkennara og umsjónarkennara sem eru með aðstoðarkennara. Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið riðu á vaðið og slík námskeið hafa verið haldin nú á hverju misseri. Farið er yfir ábyrgð og skyldur hvors um sig, aðstoðarkennarans og umsjónarkennarans, og dregnar fram áskoranir og væntingar. Þá eru bjargráð aðstoðarkennara kynnt til sögunnar, hvert þeir geta leitað og hvernig unnt er að bera sig að í kennslu, yfirferð verkefna og umræðustjórnun svo að fátt eitt sé nefnt. Misjafnt er eftir fræðasviðum hvernig staðið er að ráðningu aðstoðarkennara, hvort þeir fá einingar fyrir eða greiðslu fyrir vinnuna, og hvers er ætlast til af þeim. Það er bæði fróðlegt og gagnlegt að ræða við þennan hóp kennara, fá fram væntingar þeirra og áskoranir og fyrir þá að eiga þetta samfélag – það gildir fyrir bæði aðstoðarkennara og umsjónarkennara.



*Juan Pablo Mora dósent Háskólann í Sevilla*

## 6. Námsumsjónarkerfi

### Kennsluvefur Uglu

Eitt af undirkerfum Uglu er kennsluvefurinn. Í honum eignast hvert og eitt námskeið Háskólans sinn eigin vef þar sem kennari getur sent nemendum tilkynningar, deilt efni, stofnað verkefni sem nemendur skila í gegnum vefinn, skráð einkunnir o.fl. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar aðstoðar kennara við notkun á kennsluvef Uglu og heldur úti leiðbeiningum um hann. Leiðbeiningarnar er að finna á vef Kennslumiðstöðvar (<https://kennslumidstod.hi.is/ugla/>).

### Moodle

Moodle er svokallað lms-kerfi eða learning mangament system oft kallað námsumsjónarkerfi eða kennslukerfi á íslensku. Kennari getur stofnað Moodle kennsluvef fyrir námskeið sitt í Uglu. Tengill á Moodle-vef námskeiðsins verður þá til á kennsluvef námskeiðsins í Uglu og á forsiðu nemenda/kennara.

Moodle kennsluvefur býður upp á fjölbreytt úrval verkfæra m.a. margs konar leiðir til endurgjafar, verkefnaskil, próf, umræður, hópaskiptingar, öflugt einkunnabókhalð, vefsíður, skráarsöfn, uppsetningu kannana, viðmiðunarkvarða til einkunnagjafar, viðveruskráningu, tengingu við Turnitin, aðgangsstýringar á öllu efni og ýmislegt fleira. Kennsluvefur í Moodle býr yfir sveigjanleika í uppsetningu og skipulagi. Á Moodle kennsluvef er einnig hægt að skapa svæði þar sem nemendur deila efni og vinna saman.

Moodle er tengt við notendagagnagrunn Uglu þannig að nemendur og kennarar fá sjálfkrafa aðgang að Moodle. Kerfin eru einnig tengd saman með *single sign on* sem þýðir að notandi skráir sig inn í bæði kerfin samtímis.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar aðstoðar kennara með Moodle símleiðis og í gegnum tölvupóst ([moodle@hi.is](mailto:moodle@hi.is)) auk þess sem kennarar geta pantað tíma og fengið aðstoð t.d. við uppsetningu og skipulag kennsluvefs. Kennslumiðstöð stendur fyrir örnámskeiðum, vinnustofum og vefmálstofum um kerfið og einstök verkfæri þess. Fræðasvið og deildir eða hópar kennara, geta einnig óskað eftir slíkum námskeiðum sérstaklega.

Leiðbeiningar um Moodle er að finna á [moodle.hi.is](http://moodle.hi.is) en nýjar og uppfærðar leiðbeiningar eru í smíðum hjá Kennslumiðstöð og verða settar upp á opnum vef. *Verkfærin í Moodle* er kennsluvefur með uppsettum sýnishornum af ýmsum verkfærum. Þar getur kennari brugðið sér í hlutverk nemanda, tekið próf, skilað inn verkefnum og ýmislegt fleira. Vefurinn er á [moodle.hi.is](http://moodle.hi.is) undir Moodle-hjálp. Tilbúið sniðmát fyrir kennsluáætlun er einnig aðgengilegt á sama stað.

Moodle-teymi er starfandi við skólann en í því sitja fulltrúar Menntavísindasviðs, Hugvísindasviðs og Endurmenntunar Háskóla Íslands, auk starfsfólks Kennslumiðstöðvar. Teymið skipa Áslaug Björk Eggertsdóttir verkefnastjóri á Menntavísindasviði, Bernharð Antoníussen verkefnastjóri á Hugvísindasviði, Bryndís Jónsdóttir verkefnastjóri á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Gústav K. Gústavsson tæknimaður hjá Kennslumiðstöð, Hulda Mjöll Hauksdóttir verkefnastjóri hjá Endurmenntun HÍ, Kristbjörg Olsen og Rúnar Sigurðsson verkefnastjórar hjá Kennslumiðstöð. Moodle-teymið er mikilvægt í þróun Moodle innan skólans og þjónustu við fræðasvið í þeim efnum.

Á vormisseri 2018 eru virkir notendur í Moodle um 6.900 og kennsluvefir háskólaársins 2017-18 eru 548. Moodle og Uglu eru kynnt hjá Kennslumiðstöð á kynningardegi fyrir nýja kennara við upphaf haust- og vormisseris.

## 7. Upptökur

Panopto-upptökukerfið býður upp á marga möguleika, en það að taka upp, streyma beint og setja inn á námskeið í Uglu eða Moodle eru þær aðgerðir sem mestu máli skipta fyrir kennara og starfsmenn háskólans. Panopto er þrískipt kerfi. Í fyrsta lagi er upptökuhlutinn sem er á öllum tölvum í kennslustofum og kennarar geta fengið á sína eigin tölvu, síðan er það tenging við Uglu og Moodle sem er í raun bara aðgangsstýring og loks vefhlutinn sem allir sem hafa rétt til að taka upp fá aðgang að.

Umsjónarmenn húsa sjá um grunnþjónustu við Panopto í sínum húsum, s.s. að koma á upptökum og tæknimenn sjá um frekari þjónustu, t.d. ef upptökur glatast. Upptökukerfið er notað í Háskóla Íslands, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ríflega helmings aukning hefur orðið í notkun Panopto-upptökukerfinu frá fyrra ári.

Leiðbeiningar um notkun Panopto má nálgast á netinu: <https://kennslumidstod.hi.is/panopto/>.

### Upptökuver og –klefar

Háskóli Íslands er með upptökuver í Stakkahlíð, í Odda og nýtt upptökuver var opnað á Neshaga 16 á 1. hæð í janúar 2016. Að auki er hljóðklefi í Kennslumiðstöð að Aragötu 9. Kennarar geta pantað tíma til upptöku hjá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Umsjónarmaður upptökuvers í Stakkahlíð er Gústav K. Gústavsson tæknimaður. Hljóðklefi og upptökuver í Stakkahlíð eru mikið notuð bæði af nemendum og kennurum í hljóð- og myndupptökum auk klippinga á efni, hvoru tveggja í hópvinnum eða sérverkefnum. Notkun þess fer nokkuð eftir árstíðabundinni sveiflu verkefna í skólanum þar sem upptökuberfið er bókað frá morgni til kvölds á meðan rýmra er á öðrum tímum.

Grettir Sigurjónsson tæknistjóri sér um upptökuberfið í Odda og á Neshaga og starfsmenn Kennslumiðstöðvar á Aragötu sjá um aðstoð við hljóðupptökur á Aragötu. Vorið 2017 var allri kennslu úthýst úr stofunni í Odda og henni breytt í stúdíó með helstu tækjum sem starfsmenn skólans hafa aðgang að.

## 8. Leiðbeiningar

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar veitir aðstoð með upptökuforritið Panopto. Leiðbeiningar um Panopto er að finna á [moodle.hi.is](http://moodle.hi.is), undir Moodle-hjálp og á vef Kennslumiðstöðvar.

Forritið Turnitin sem styður við fræðileg vinnubrögð í ritun og heimildarvinnu er aðgengilegt bæði sem hluti af Moodle og á vef Turnitin ([turnitin.com](http://turnitin.com)). Leiðbeiningar um Turnitin forritið má finna á [moodle.hi.is](http://moodle.hi.is) undir Moodle-hjálp.

Gerð leiðbeininga af ýmsu tagi er liður í fræðslustarfi Kennslumiðstöðvar. Leiðbeiningar voru m.a. gerðar fyrir Panopto, nýtt upptökuforrit við Háskóla Íslands. Um er að ræða hvoru tveggja leiðbeiningar á spjaldi og á vef. Unnið hefur verið að Moodle-leiðbeiningum á árinu og eru þær aðgengilegar inni á lokuðum vef Moodle.

## 9. Samstarf

Kennslumiðstöð er í samstarfi við ýmsar stofnanir, fræðasvið, deildir og einstaklinga innan Háskóla Íslands, svo og við opinberu háskólana og aðra háskóla í landinu. Einnig á miðstöðin í samstarfi við erlenda aðila er tengjast háskólakennslu og upplýsingatækni á háskólastigi.

### Samstarf við fræðasvið Háskóla Íslands

Kennslumiðstöð leggur áherslu á að vinna með fræðasviðum og deildum háskólans og lagar fræðslu og ráðgjöf að sérstöðu og óskum þeirra. Miðstöðin vinnur náið með öllum fræðasviðum skólans. Hún hefur m.a. komið með innlegg að svokölluðu Kennsluborði Stjórn málafræðideildar og Hjúkrunarfræðideildar sem er vettvangur kennara í deildunum til að ræða kennslu og kennslutengd mál með aðkomu ýmissa fagaðila. Einnig hafa Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið byggt upp fræðslunámskrá sína í tengslum við Kennslumiðstöð og miðstöðin hefur haldið valdar vinnustofur fyrir kennara og starfsfólk fræðasviðanna. Náin samvinna er við Menntavísindasvið og hefur einn tæknimaður Kennslumiðstöðvar aðsetur á fræðasviðinu, auk þess sem verkefnastjóri á Menntavísindasviði er hluti af Moodle-teymi Háskóla Íslands. Rannsóknarverkefni um námskrágerð eru í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið.

Misjafnt er hverjir eru tengiliðir Kennslumiðstöðvar á fræðasviðum, Ásta B. Schram lektor og kennsluþróunarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði er í nánnum tengslum við miðstöðina um kennsluþróun og kennslutengdar rannsóknir á sviðinu. Ásta hefur verið í 50% starf kennslufræðings við Kennslumiðstöð frá 20. september og er ráðin til 1. febrúar 2018. Anna Helga Jónsdóttir og Sigdís Ágústsdóttir hafa stýrt kennsluþróun tengdri Kennslumiðstöð á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og m.a. unnið að verkefni tengdu samræmdum kennsluáætlunum sem áformað er að fara af stað með þar og á Heilbrigðisvísindasviði. Samstarfið er einnig í tengslum við Reiknistofnun – Uglu. Ásdís Guðmundsdóttir kennslustjóri og Steinunn Kristjánsdóttir prófessor og formaður kennslunefndar Hugvísindasviðs hafa stýrt samvinnu Hugvísindasviðs og Kennslumiðstöðvar. Á grundvelli þessa samstarfs voru haldnar menntabúðir um jafnrétti á vordögum. Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri og Guðrún Alda Elísdóttir starfsmannastjóri eru tengiliðir Kennslumiðstöðvar á Félagsvísindasviði. Kennslumiðstöð hefur einnig unnið náið með kennslunefnd Félagsvísindasviðs með Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur lektor og formann nefndarinnar. Þar hafa kennarar m.a. litið um öxl í lok námskeiðs og skoðað hvað þeir voru ánægðir með og hvað síður. Menntavísindasvið hefur ekki verið með fasta tengiliði við Kennslumiðstöð en kennarar, stjórnarsýsla eða formenn námsnefnda hafa verið í sambandi við miðstöðina vegna verkefna þar. Kennslumiðstöð vinnur þétt með starfsmannastjórum fræðasviðanna sem koma að kynningardegi fyrir nýja kennara í upphafi hvers misseris.

## Samstarf um kennsluþróun á háskólastigi á Íslandi

Samtök um kennsluþróun í háskólum á Íslandi voru stofnuð 24. nóvember 2015. Samtökin gefa tækifæri til frekara samstarfs innanlands sem utan. Nú þegar eru tengsl við *Nordic-Baltic Network for Higher Educational Development*. Með stofnun samtakanna er vettvangur fundinn fyrir samstarf þeirra sem sinna kennsluþróun á háskólastigi. Þá hafa samtökin óskað eftir því að ganga í alþjóðasamtök um kennsluþróun á háskólastigi (ICED). Aðilar í samtökunum hittust í október á vinnustofu sem dr. Denise Chalmers, prófessor emeritus við Háskólann í Vestur-Ástralíu, hélt og fjallaði um það hvernig hægt er að leggja mat á árangur kennsluþróunarstarfs.

## Reiknistofnun Háskóla Íslands

Samstarf er við Reiknistofnun Háskóla Íslands um þjónustu við kennslukerfi háskólans Uglu og Moodle. Reiknistofnun sér um hýsingu námsumsjónarkerfanna. Reiknistofnun sér að auki um hýsingu á öllum gögnum sem tengjast námi og kennslu, s.s. upptökum úr Panopto sem eru ófáar. Kerfisstjórn á kerfum sem eingöngu eru notuð til kennslu eins og Moodle og Panopto-upptökukerfið er einnig í samstarfi við Reiknistofnun.

## Þverfagleg samvinna á Heilbrigðisvísindasviði

Heilbrigðisvísindasvið hefur sett á fót námskeið um þverfræðilega samvinnu á fræðasviðinu þar sem nemendur eru þjálfaðir í teymisvinnu. Kennslumiðstöð var í samvinnu við kennsluþróunarstjóra fræðasviðsins Ástu B. Schram um þjálfun leiðbeinenda fyrir námskeiðið. Leiðbeinendur komu úr hinum ýmsu deildum Heilbrigðisvísindasviðs og æfðu sig á hópvinnumforminu, sem ætlunin er að hvetja til og þjálfu, í byrjun janúarmánaðar 2018.

## edX

17. nóvember síðastliðinn var edX verkefni Háskóla Íslands hleypt af stokkunum með kynningu og opnun fyrir skráningu á fyrsta námskeiðið sem Háskóli Íslands skipuleggur undir merki edX, Medieval Icelandic Sagas sem byggir á alþjóðlegu meistaranámi í íslenskum miðaldafræðum. Kennslumiðstöð ásamt Menntavísindasviði hafa komið að verkefninu og fóru m.a. tveir starfsmenn til Boston að undirbúa gerð fyrsta námskeiðsins. Skráning er komin á gott skrið og námskeiðið hefst í mars 2018. edX var upphaflega stofnað af Harvardháskóla og MIT árið 2012 og er veita sem býður upp á fjölda MOOC námskeiða (*massive open online course*).



Frá pallborðsumræðum um opin vefnámskeið, MOOC, á flugtaki edX. Mynd: Kristinn Ingvarsson.



## Starfsmannasvið

Kennslumiðstöð er í samstarfi við Starfsmannasvið Háskóla Íslands vegna innleiðingar mentorakerfis fyrir nýja akademíska starfsmenn, Anna Kristín Halldórsdóttir er tengiliður Kennslumiðstöðvar við Starfsmannasvið. Samstarfið hófst 2014 og er unnið að því jafnt og þétt að festa það í sessi með tengingu við fræðasviðin og starfsmannastjóra þar. Miðstöðin hefur einnig komið að kynningu vegna ótímabundinna ráðninga akademískra starfsmanna við skólann. Kennslumiðstöð og Starfsmannasvið vinna nú að verkefni fyrir nýja kennara sem miðar að því að auðvelda þeim að hefja starf við skólann.

## Miðstöð framhaldsnáms

Kennslumiðstöð vinnur að skipulagi stuðnings við leiðbeinendur í doktorsnámi í samstarfi við Miðstöð framhaldsnáms í Háskóla Íslands. Ásta B. Schram er tengiliður Kennslumiðstöðvar við Miðstöð framhaldsnáms. Áframhaldandi samstarf er áformað á næstu árum á milli miðstöðvanna með tengingu við fræðasvið skólans.

## eTwinning á Spáni

eTwinning er samfélag kennara og annarra sem koma að kennslumálum til að efla þekkingu á upplýsingatækni í kennslu. Þrír fulltrúar Kennslumiðstöðvar, Anna Kristín Halldórsdóttir, Bjarndís Fjóra Jónsdóttir og Rúnar Sigurðsson sóttu eTwinning námskeið í Barcelona á Spáni í sumar á vegum Erasmus+. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að kynna forrit sem nota má í kennslu og fulltrúar Kennslumiðstöðvar hafa nú þegar nýtt námskeiðið til kennslu, vefsíðu- og námsefnisgerðar.

## Opinberir háskólar

Opinberir háskólar á Íslandi eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands er í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri um kennsluþróun á háskólastigi og hefur m.a. haldið sameiginlegar menntabúða í á Akureyri auk samstarfs í háskólakennslufræði og upplýsingatækni.

## Háskólinn í Alicante á Spáni

Um mánaðarmótin apríl – maí heimsótti Lída Jordá, katalónískur tungumálakennari frá Háskólanum í Alicante á Spáni, Kennslumiðstöð. Jordá kom á vegum Erasmus+ starfsmannaskipta og kynnti sér m.a. upptökur, Icelandic Online, námsumsjónarkerfi og upplýsingatækni í kennslu við Háskóla Íslands. Jordá er reynd í tungumálakennslu á neti og nýtir til þess vendikennslu með upptökum. Það var fengur fyrir Kennslumiðstöð að fá hana til að sýna okkur hversu einfaldir hlutirnir geta verið – og virka í raun best þannig.

## Háskólinn í Bergen

Áslaug Helgadóttir gæðastjóri Háskóla Íslands og Guðrún Geirsdóttir deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og dósent á MVS heimsóttu háskólann í Bergen í Noregi til að kynna sér vinnu- og framgangskerfi akademískra starfsmanna þar og heimsækja BioCEED sem er öndvegissetur í kennslu líffræði við Náttúruvísindasvið háskólans í Bergen. Háskólinn í Bergen er einn af háskólunum í Aurora-samstarfsnetinu. Ferðin var styrkt af Erasmus+.

## Transforming Higher Education: How we Teach in the Digital Age

Vinnufundur á Möltu 18. og 19. janúar. Á fundinum ræddu fulltrúar 19 landa um stöðu upplýsingatækni á háskólastigi og hvernig nýta megi slíka tækni til að efla kennsluhætti. Guðrún Geirsdóttir dósent og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og Auður Rán Þorgeirsdóttir, upplýsingafulltrúi Mennta- og meningarmálaráðuneytisins sóttu vinnustofuna fyrir Íslands hönd.

## AURORA

Aurora er samstarfsnet 9 evrópskra háskóla sem stofnað var í október 2016. Markmið samstarfsnetsins er að leita leiða til að efla samstarf á milli háskólanna. Fyrsta vinnustofa samstarfsnetsins var haldin í Grenoble í Frakklandi í byrjun apríl 2017 og mætti 5 fulltrúar Háskóla Íslands á hana, Guðrún Geirsdóttir fyrir hönd Kennslumiðstöðvar. Yfirskrift vinnustofunnar var „Nýmæli í kennslu“. Kynnt voru áhugaverð nýsköpunarverkefni í námi og kennslu innan skólanna og samstarfsteymi mynduð um möguleg samstarfsverkefni. Í kjölfarið hafa samstarfsaðilar deilt góðum hugmyndum og stofnað til frekara samstarfs af ýmsu tagi.

## Nordic-Baltic Network in Higher Education Development

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands er í samstarfsneti norrænnar- og baltneskrar kennsluþróunar á háskólastigi, *Nordic-Baltic Network in Higher Education Development*. Í netinu eru starfsmenn sem sinna kennsluþróun á háskólastigi og snýr samstarfið bæði að kennsluþróun og rannsóknum á og í kennslu. Árlegir fundir eru haldnir innan netsins og skiptast samstarfslöndin á að halda þá. Árið 2017 var fundurinn haldinn í Tromsö í Noregi og mættu þær Ása Björk Stefánsdóttir, Elva Björg Einarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir sem fulltrúar Kennslumiðstöðvar á fundinn, auk Ástu B. Schram kennsluþróunarstjóra Heilbrigðisvísindasviðs. Samstarfið styður við kennsluþróun í löndunum og er ekki hvað síst mikilvægt þar sem kennsluþróun á háskólastigi er tiltölulega nýtt starfsheiti, a.m.k. á Íslandi.



Frá fundi kennsluþróara í Nordic-Baltic Network in Higher Education Development í Tromsö.

## Áskoranir í námskrárgerð

Um miðjan október hélt The Flemish Education Council, VLOR í Belgíu, vinnufund um áskoranir í námskrárgerð. VLOR er ráðgefandi fyrir menntamálayfirvöld í Belgíu. Markmið vinnufundarins var að gera minnisblað um námskrárgerð þar sem sérstaklega væri hugað að þeirri almennu hæfni sem háskólanemar þurfa að búa yfir við námslok og fellur undir það að vera hæfni fyrir 21. öldina (21. century skills). Guðrún Geirsdóttir og Ásta B. Schram voru með erindi á fundinum. Vinnufundurinn var styrktur af Erasmus+.

## Háskólinn í Tblisi í Georgíu

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands er í tvíhliða samstarfsverkefni við háskólann í Tblisi í Georgíu. Verkefnið er styrkt af Erasmus+. Tblisi háskólinn hefur hug á að stofna kennslumiðstöð og fengu fulltrúa Kennslumiðstöðvar til leiðbeiningar þar um og til að kynna verkefnið fyrir háskólayfirvöldum. Guðrún Geirsdóttir og Ása Björk Stefánsdóttir fóru til Georgíu í febrúar til að kynna verkefnið og Izabela Petriashvili og Nino Chakhunashvili, fulltrúar Tblisi háskóla, komu hingað til lands til frekari kynningar á starfsemi Kennslumiðstöðvar í maí og héldu þá m.a. erindi um menntun í Georgíu og háskólann í Tblisi.



*Kennslumiðstöðvarkonurnar Guðrún og Ása Björk (tv.) með gestum Kennslumiðstöðvar og Erasmuss+ styrkhöfum frá Háskólanum í Tblisi í Georgíu og Háskólanum í @Iecante á Spáni (th.) Mynd: EBE*

## 10. Þróunarverkefni

### The Bologna Reform in Iceland Project – BORE

BORE-verkefnið, *The Bologna reform in Iceland project*, fór af stað árið 2016 með styrk frá Erasmus+. Rannís hélt utan um verkefnið hér á landi fyrir hönd Mennta- og menningar-málaráðuneytis. Verkefnið snéri annars vegar að alþjóðavæðingu og alþjóðastefnu háskóla og hins vegar að því að efla gæði námskrárgerðar og kennsluþróunar í háskólum með samstarfi þeirra sem sinna kennsluþróun í landinu. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands tók að sér að hafa umsjón með þeim hluta verkefnis sem sneri að námskrárgerð og kennsluþróun og hélt tvær vinnustofur fyrir leiðtoga í kennsluþróun í háskólum þar sem þátttakendur unnu að kennsluþróunarverkefnum tengdum sínum starfsvettvangi.

BORE-verkefnið sem Kennslumiðstöð stóð að ásamt kennsluþróunarstjórum á Heilbrigðis-vísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði hefur þróast í þá veru að styðja við sjálfsmat deilda í skólanum með því að koma að aðstoð við deildir í námskrárgerð.

### Kennsluþróunarstjórar á fræðasviðum

Árið 2015 kynnti Kennslumiðstöð svokallað Helsinki-model kennsluþróunarstjóra á fræðasviðum á Kennslusviði Háskóla Íslands. Módelið gengur út á að akademískir kennsluþróunarstjórar eru ráðnir við öll fræðasvið til að stuðla að þróun og rannsaka kennsluhætti á viðkomandi sviðum. Kennsluþróunarstjórnir eru jafnframt í samvinnu við miðlæga kennslumiðstöð og aðra kennsluþróunarstjóra skólans. Hugmyndinni var vel tekið af stjórnendum skólans og var sett fram sem eitt af markmiðum stefnu HÍ21. Umræða um fjármögnun og skipulag móðelsins er hafin og tekst vonandi að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd fljótlega.

### Gæðaviðmið í kennslu

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur nú um nokkurn tíma verið í forystu þeirra er tala fyrir viðmiðum um gæði í kennslu á háskólastigi. Árið 2016 var Kennsluráðstefna Stúdentaráðs og Kennslusviðs HÍ tileinkuð efninu og áhersla er lögð á gæði kennslu í nýrri stefnu HÍ21. Sem innlegg í þá umræðu hafði Kennslumiðstöð frumkvæði að því að bjóða Denise Chalmers, prófessor við Western Australia University í Perth í Ástralíu til Háskóla Íslands, dagana 9. – 13. október 2017 og var hún gestur Kennslusviðs Háskóla Íslands. Chalmers hélt erindi um ástralskan gæðaramma í kennslu og hitti stjórnendur HÍ, fulltrúa fræðasviða í kennslumálum og kennsluþróunarfólk af landinu öllu á fundum er tengdust gæðaviðmiðum í kennslu og kennsluþróun almennt. Að auki var Denise Chalmers aðalfyrirlesari á kennsluþróunar-ráðstefnu Háskóla Íslands 13. okt. 2017 og fjallaði þar um efnið: Hvers vegna þurfum við viðmið um gæði kennslu?

### Að meta góða kennslu

Kennslumiðstöð HÍ bauð til umræðufundar með Denise Chalmers 9. okt. 2017, 50 manns af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands mættu til umræðufundarins. Chalmers kynnti ástralskan gæðaramma í kennslu og stjórnaði umræðum um slík gæðaviðmið í íslenskum háskólum. Upptöku af viðburðinum má nálgast á slóðinni: <https://padlet.com/kennslumidstod/Denise>

### Umræðufundur stjórnenda um mat á gæðum kennslu

Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektör kennslu og þróunar bauð stjórnendum til umræðufundar um mat á gæðum kennslu 10. október. Stjórnendur af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands og miðlægri stjórnsýslu mættu á fundinn og umræðan var góð og mikil. Slóð á efni fundarins er: <https://padlet.com/kennslumidstod/Denise>



*Dr. Denise Chalmers hélt erindi um hvernig meta megi gæði kennslu. Mynd: EBE*

### **Umræðufundur fulltrúa fræðasviða um gæði kennslu og kennsluþróun**

Róbert Haraldson forseti kennslusviðs bauð fulltrúum fræðasviða, kennslustjórum, starfsmannastjórum, mannauðsstjórum, deildarforsetum og kennslunefndum fræðasviða til fundar 11. október um það hvernig skrásetja megi gæðakennslu í háskólum. Umræðuefnið var nokkuð nýstárlegt fyrir háskólafolk þar sem vinnumatskerfi opinberu háskólanna svo og framgangskerfi fara ekki fram á viðamikið mat á kennslu. Efni frá viðburðinum má nálgast á slóðinni: <https://padlet.com/kennslumidstod/Denise>

### **Evidencing educational development**

Kennslumiðstöð HÍ bauð kennsluþróurum á Íslandi til vinnustofu með Denise Chalmers 12. október til að ræða hvernig skrásetja og sannreyna megi kennsluþróun í háskólum. Sautján kennsluþróarar frá flestum háskólum í landinu tóku þátt í vinnustofunni. Vinnustofan var gagnleg og mikilvæg fyrir nýja faggrein innan íslenskra háskóla. Slóð á padlet á efni af viðburðinum: <https://padlet.com/kennslumidstod/Denise>

## 11. Innlendar ráðstefnur

### Kennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands

Kennsluþróunarráðstefna Háskóla Íslands var haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands í aðalbyggingu, 13. október 2017. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var dr. Denise Chalmers prófessor við Western Australia University. Í fyrirlestri sínum fjallaði hún um það hvers vegna við þurfum viðmið um gæði kennslu. Ráðstefnuna sjálfa, erindið og tengingu við ástralskan viðmiðunarramma um gæðakennslu má nálgast á slóðinni: <https://padlet.com/kennslumidstod/kennsluthroun2017>

#### DAGSKRÁ

9:30-9:45	<i>Setning</i> Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektorkennslu og þróunar við Háskóla Íslands
9:45-10:45	<i>Hvers vegna þurfum við viðmið um gæði kennslu?</i> Denise Chalmers, prófessor við Western Australia University
10:45-11:00	Kaffi
11:00-11:30	<i>Kennsluþróun á krossgötum?</i> Guðrún Geirsdóttir, dósent á MVS og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar
11:30-12:00	<i>Vinnuálag nemenda í háskólanámi: Vinnuframlag og upplifun.</i> Edda R. H. Waage, lektor á VoN
12:00-13:00	Hádegismatur
13:00-14:10	<i>Samhliða málstofur I (A-207, A-220, A-229, Hátíðarsalur)</i>
14:10-14:30	Kaffi
14:30-16:00	<i>Samhliða málstofur II (A-207, A-220, A-229, Hátíðarsalur)</i>
16:00-16:30	<i>Samantekt og hressing</i>

#### Erindi í samhliða málstofum

Eftir matarhlé voru 24 samhliða málstofur frá háskólafólki við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands.

#### Námsreynsla nemenda

- Jafningjaráðgjöf og breyttar hugmyndir stúdenta um fræðileg skrif, Baldur Sigurðsson, dósent á MVS, HÍ
- Kynning á rannsókn á áhugahvöt nemenda (HÍ) og fleiri tengdum þáttum – fyrstu niðurstöður, Ásta B. Schram, lektor á HVS, HÍ
- Kyngervi og óþægindi í kennslustofunni: Hvað segja niðurstöður kennslukannana um nemendur? Gyða Margrét Pétursdóttir, dósent á FVS, HÍ og Tamar Melanie Heijstra, lektor á FVS, HÍ

#### Leiðsögn í námi

- Hvað á leiðbeinandi að gera fyrir nemanda sem vinnur að doktorsritgerð? Atli V. Harðarson, dósent á MVS, HÍ

- Sameiginleg leiðsögn við vinnu meistaraþrófsverkefna, Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor á MVS, Svanborg R. Jónsdóttir, dósent á MVS og Karen Rut Gísladóttir, lektor á MVS, HÍ
- Leiðsögn í námi: Samfélag nemenda og kennara við Hjúkrunarfræðideild, Brynja Örlygsdóttir, dósent á HVS, HÍ

#### Upplýsingatækni: Virkni nemenda

- Fjölbreytni þekkingar – hvað segja áhorfstölurnar? Helgi Freyr Hafþórsson, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð HA
- Gagnvirkt kennsluefni á Edbook, Benedikt Steinar Magnússon, lektor í VoN, HÍ
- Vendikennsla – virk hlustun og virkni í tímum, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor á FVS, HÍ, Tamar Melanie Heijstra, lektor á FVS HÍ

#### Ólíkir nemendur

- Reynsla nemenda í námsvanda við Háskóla Íslands, Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, stundakennari á FVS, HÍ, Sigrún Harðardóttir, lektor á FVS, HÍ
- Tæknileg tækifæri og SnjallVefjan, Helena Sigurðardóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð HA
- Reynsla og viðhorf háskólanema af erlendum uppruna til kennsluaðferða og stuðnings við nám, Hanna Ragnarsdóttir, prófessor á MVS, HÍ

#### Raunverkefni

- Raunveruleg verkefni, bætt námsupplifun, Vera Kristín Kristjánsdóttir, aðjúntkt við Viðskiptafræðideild HA, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir lektor við Viðskiptafræðideild, HA
- Rýni og raunverkefni í sagnfræðikennslu, Hrefna Róbertsdóttir stundakennari við HUG, HÍ



Frá málstofu um gæðaviðmið í kennslu. Mynd: Kristinn Ingvarsson.

- Nemendaverkefni í samstarfi við atvinnulíf – sýn frá báðum sjónarhornum, Kristinn Andersen, prófessor við VoN, HÍ
- Innleiðing nýsköpunar í textílkennslu, Ásdís Jóelsdóttir, lektor á MVS, HÍ

## Starfsþróun

- Kennsluspjall í Hjúkrunarfræðideild – ávinningur og hindranir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor á HVS, HÍ
- Kennslumenning Listaháskólans: Þróun innri vettvangs til tilrauna og ígrundunar, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, sviðstjóri LHÍ
- Akademísk störf að loknum starfsferli í atvinnulífinu, Sæmundur E. Þorsteinsson, lektor á VoN, HÍ
- Háskólakennslufræði: Ból eða bót? Guðrún Geirsdóttir, dósent á MVS, HÍ og Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð HÍ

## Námskrágerð

- Changing teaching: A. personal experience with intentional design to encourage motivation, Abigail Grover Snook, stundakennari á HVS, HÍ
- Vandkvæði við stærðfræðikennslu í breiðum hópi nemenda – er vendikennsla lausnin? Anna Helga Jónsdóttir, aðjúnkt á VoN, HÍ
- Adapting Whetten 's Tips of Effective Course Design: A Case Study, Jessica Faustini Aquino, dósent við Háskólann á Hólum
- Að búa til samfélag úr fjarlægð, Amy Savener, dósent við Háskólann á Hólum, Þórir Erlingsson, dósent við Háskólann á Hólum

	Námsreynsla nemenda Hátiðarsalur	Leiðsögn í námi A-207	Upplýsingatækni: Virkni nemenda A-220	Ólíkir nemendur A-229
13:00 – 14:10	Jafningjaráðgjöf og breyttar hugmyndir stúdenta um fræðileg skrif Baldur Sigurðsson Kynning á rannsókn á áhugahvöt nemenda (HÍ) og fleiri tengdum þáttum - fyrstu niðurstæður Ásta B. Schram	Hvað á leiðbeinandi að gera fyrir nemanda sem vinnur að doktorsritgerð? Atli V. Harðarson Sameiginleg leiðsögn við vinnu meistaraþrófsverkefna Hafalís Guðjónsdóttir, Svanborg R Jónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir	Fjölbreytni þekkingar – hvað segja áhorfstólurnar? Helgi Freyr Hafþórsson Gagnvirk kennslufni í Edbook Benedikt Steinar Magnússon	Reynsla nemenda í námsvanda við Háskóla Íslands Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir og Sigrún Harðardóttir Tæknileg tækifæri og SnjallVefjan Helena Sigurðardóttir
	Kyngervi og óþægindi í kennslustofunni: Hvað segja niðurstæður kennslukannana um nemendur? Gyða Margrét Pétursdóttir og Tamar Melanie Heijstra	Leiðsögn í námi: Samfélag nemenda og kennara við Hjúkrunarfræðideild Brynja Örlýsdóttir	Vendikennsla – virk hlustun og virkni í tímum Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tamar Melanie Heijstra	Reynsla og viðhorf háskólanema af erlendum uppruna til kennsluáferða og stuðnings við nám Hanna Ragnarsdóttir
14:10 – 14:30	Kaffi			
	Námskráin Hátiðarsalur	Raunverkefni A-207	Starfsþróun A-220	Námskrágerð – námskeið A-229
14:30 – 16:00	Að þróa kennaramenntun með þátttöku kennaranema og byrjenda í kennslu Lilja M. Jónsdóttir „Þetta var náttúrulega dálítið kaótskt á tímabili ...“ Upplifun og reynsla nemenda af þátttöku í náms- og kennsluþróun í háskólanámi Anna Ólafsdóttir Lífð í menntuninni 2017 Stefán Jökulsson	Raunveruleg verkefni, bætt námsupplifun Vera Kristín Kristjánsdóttir og Hafalís Björg Hjálmarisdóttir Rýni og raunverkefni í sagnfræðikennslu Hrefna Röberts (PK)	Kennsluspjall í Hjúkrunarfræðideild – ávinningur og hindranir Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir Kennslumenning Listaháskólans: Þróun innri vettvangs til tilrauna og ígrundunar Ólöf Gerður Sigfúsdóttir	Changing teaching: A personal experience with intentional design to encourage motivation Abigail Grover Snook (PK) Vandkvæði við stærðfræðikennslu í breiðum hópi nemenda – er vendikennsla lausnin? Anna Helga Jónsdóttir Adapting Whetten's Tips of Effective Course Design: A Case Study Jessica Faustini Aquino
16:00 – 16:30	Samantekt og léttar veitingar	Nemendaverkefni í samstarfi við atvinnulíf – sýn frá báðum sjónarhornum Kristinn Andersen Innleiðing nýsköpunar í textilkennslu Ásdís Jóelsdóttir	Akademísk störf að loknum starfsferli í atvinnulífinu Sæmundur E. Þorsteinsson Háskólakennslufræði: Ból eða bót? Guðrún Geirsdóttir og Elva Björg Einarsdóttir	Að búa til samfélag úr fjarlægð Amy Savener og Þórir Erlingsson (PK)

Samhliða málstofur á kennsluþróunarráðstefnu Háskóla Íslands, <https://kemst7.wixsite.com/malstofur2017>

Undirbúningur og skipulag ráðstefnunnar var talsvert umfangsmikið verkefni fyrir miðstöðina og tók sinn tíma að leita eftir fjármögnun og stuðningi. Hins vegar er þetta mikilvægur vettvangur fyrir háskólakennara til að kynna kennsluþróunarverkefni og rannsóknir í kennslu og læra af reynslu annarra. Því er mikilvægt að gert sé ráð fyrir reglulegum ráðstefnum í fjárhagsáætlunum Kennsluviðs.



## Menntakvika

Menntakvika er ráðstefna Menntavísindasviðs HÍ um menntarannsóknir. Í ár var hún haldin 6. október og var Kennslumiðstöð Háskóla Íslands með tvær málstofur þar sem kynntar voru rannsóknir sem unnar hafa verið á sviði námskráargerðar og kennslu á háskólastigi.

Málstofur Kennslumiðstöðvar HÍ fjölluðu m.a. um vendikennslu, leiðsögn í doktorsnámi, hæfniviðmið, nýtingu á námsgögnum í örverufræði, könnun á innleiðingu hæfniviðmiða við Háskóla Íslands og hvaða nýju áskoranir í námskráargerð felist í gæðamati háskólanna (QEF2). Auk ofangreindra erinda voru á ráðstefnunni haldnar málstofur þar sem fjallað var um háskólakennslu. Kennslumiðstöðvarfólk er ánægt með ráðstefnuna enda greinilegt að rannsóknum á sviði háskólakennslufræða hefur vaxið fiskur um hrygg og sennilegt að jafnvel fleiri málstofur verði um efnið á næstu Menntakviku að ári liðnu.



*Frá Menntakviku á Menntavísindasviði Háskóla Íslands í október 2017. Mynd: Kristinn Ingvarsson.*

## 12. Sjálfsmat Háskóla Íslands, QEF2

Öðrum hring sjálfsmats Gæðaráðs háskólanna var hleypt af stokkunum á haustdögum með málstofu allra háskólanna 16. nóvember á Keldum þar sem sjálfsmatið var kynnt og umræðuhópar voru að störfum varðandi áhersluþætti í kennslu, rannsóknum og aðkomu nemenda að sjálfsmati og námskrárgerð. Elva Björg Einarsdóttir og Védís Grönvold verkefnastjórar hjá Kennslumiðstöð mættu á málfundinn fyrir hönd miðstöðvarinnar. Kennslumiðstöð er ætlað hlutverk í sjálfsmatsferlinu innan Háskóla Íslands líkt og áður en nú með breyttri áherslu í takt við áherslur í nýju sjálfsmati á námskrárgerð. Kennslumiðstöð býður deildum og námsbrautum skólans leiðsögn við námskrárgerð, gerð hæfniviðmiða námskeiða, lokaviðmið námsleiða og hríltöflugerð. Kennslumiðstöð skoðar lokaviðmið námsleiða og hæfniviðmið námskeiða m.t.t. mælanleika hæfniviðmiða og samanburð við Viðmið um æðri menntun og prófgráður frá 2011.

Við Háskóla Íslands eru það Íslensku- og menningardeild og Mála- og menningardeild sem ríða á vaðið í sjálfsmatshring 2. Fast á hæla þeirra koma 6 deildir innan Félagsvísindasviðs og Hugvísindasviðs, árið 2019 fara deildir á Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verk- og náttúruvísindasviði í sjálfsmat. Sjálfsmati deilda lýkur árið 2020 en þá fara allar deildir Menntavísindasviðs í sjálfsmat auk helmings deilda Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Skólinn allur á að hafa lokið heildarúttekt sinni vorið 2023. Áslaug Helgadóttir gæðastjóri Háskóla Íslands stýrir sjálfsmatinu að þessu sinni.



Frá málstofu um sjálfsmat II á Keldum. Mynd: EBE

## 13. Nefndir og ráð

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands situr í ýmsum ráðum og nefndum á vegum skólans, opinberu háskólanna, menntamálayfirvalda og erlendu samstarfi um kennsluþróun. Árið 2017 áttu fulltrúar Kennslumiðstöðvar sæti í eftirfarandi nefndum:

- Fjarnámsnefnd Menntavísindasviðs, Guðrún Geirsdóttir  
Fagrað Háskólabrúar Keilis, Guðrún Geirsdóttir
- Háskólaráð Háskóla Íslands, Guðrún Geirsdóttir
- Moodle-teymi, Gústav K. Gústavsson, Rúnar Sigurðsson og  
Bjarnís Fjóra Jónsdóttir (1. jan til 31. ágúst) - Kristbjörg Olsen (frá 1. sept. til 31. des.)
- Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Rúnar Sigurðsson
- Jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnsýslu, Elva Björg Einarsdóttir  
Kennslumálanefnd háskólaráðs, Guðrún Geirsdóttir
- Nordic-Baltic Network, Ása Björk Stefánsdóttir
- Sameiginleg Bolognanefnd háskólastigsins, Guðrún Geirsdóttir
- Stýrihópur um gerð kennlustefnu, Guðrún Geirsdóttir
- Undirbúningshópur um rafrænt prófahald, Kristbjörg Olsen
- Undirbúningsnefnd edX, Guðrún Geirsdóttir, Rúnar Sigurðsson
- Verkefnastjórn Uglu, Rúnar Sigurðsson

## 14. Stefnumótun og framtíð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands vinnur samkvæmt stefnu Háskóla Íslands, HÍ21 að eflingu kennslu, kennsluþróun og kennslutengdum verkefnum og ber ábyrgð á málum er tengjast stefnunni. Meginlínur sem unnið er eftir þar eru viðmið um gæði kennslu og mótun kennslu- og fjarkennlustefnu skólans sem á að ljúka á næsta ári.

Fyrirhugaðar eru breytingar á skipulagi Kennslumiðstöðvar vegna stofnunar nýs Upplýsingatækisviðs við Háskóla Íslands og viðbúið er að hluti starfsfólks færist þangað yfir. Hugmyndir eru uppi um að stofna upptökuteymi við skólann sem hefði aðsetur á nýju sviði og yrði tæknifólk Kennslumiðstöðvar hluti af því teymi. Eftir í miðstöðinni verður fólk sem vinnur að kennsluþróun og kennslutengdum verkefnum s.s. námsumsjónarkerfum, vef- og kennsluþróunarverkefnum svo fátt eitt sé nefnt.

Ærin verkefni eru framundan og mikilvægt að Kennslumiðstöð sé þar heil og óskipt. Forgangsmati á komandi ári er að ráða í þær stöður sem standa auðar eða skertar og endurheimta þannig krafta miðstöðvarinnar til vinnu að kennsluþróun og stefnumótun á því sviði innan skólans sem og á landsvísu.